

Fundur í stjórn Foreldrafélags Leikskóla Seltjarnarness

12. September 2012 kl: 17:00

Mættir eru:

Anna Harðardóttir, Soffía Guðmundsdóttir, Harpa Frímannsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir , Margrét Aðalheiður Hauksdóttir, Stephanie Smith og Stefanía Árnadóttir Bjarman.

Leikrit

Ákveðið var að panta leikritið Pétur og Úlfurinn sem Bernd Ogradnik brúðuleiklistarmaður flytur. Stefnt á sýningu þriðjudaginn 20. nóvember kl. 9:15 og hafa tvær sýningar í röð eina fyrir yngri börnin og eina fyrir eldri börnin. Magnhildur sér um að hafa samband við Brúðuheima sem sjá um bókanir.

Hreyfiland

Hreyfiland sendi leikskólanum bréf og kynnti starfssemi sína og ýmsa möguleika til samstarfs við leikskólann eða foreldrahópa. Ákveðið að geyma til skoðunar fyrir nýja stjórn.

Peningagjöf til deilda

Ákveðið að gefa hverri deild 20.000 kr. til leikfangakaupa. (sjá neðar)

Aðalfundur foreldrafélagsins

Breyta á fyrirkomulagi aðalfundar foreldrafélagsins og kynningum á deildum.

Hver deild mun vera með kynningu á starfssemi sinni einn morgun í október. Á þeim kynningarfundum verður peningagjöf frá foreldrafélaginu afhent og kosinn nýr meðlimur í stjórn foreldrafélagsins fyrir hönd deildarinnar. Fyrri stjórn mun svo kalla saman nýja stjórn þegar öllum kynningum deilda er lokið.

Fundi slitið kl: 17:55

Fundaritari:

Magnhildur Magnúsdóttir